

## Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá er febrúar genginn í garð, þorablótsvertíðin langt komin og því tímabært að senda út annað fréttabréf Þingeyjarskóla. Að þessu sinni förum við yfir helstu viðburði sem hafa verið í skólanum okkar það sem af er árinu í bland við að koma til ykkar upplýsingum um það góða starf sem unnið er alla daga innan veggja Þingeyjarskóla og hvað framundan er.



## DANSVIKA

Mörg undanfarin ár hefur fyrsta vika á nýju ári verið dansvika í Þingeyjarskóla og á því var engin undantekning í ár. Jón Pétur mætti til okkar í Þingeyjarskóla í 26. sinn og kenndi öllum nemendum skólans dans í heila viku. Jón Pétur lét afar vel af nemendahópnum og var ánægður með virkni og þátttöku nemenda. Eins og alltaf lauk dansvikunni með danssýningu þar sem nemendur sýndu hvað þeir höfðu lært og þá fengu foreldrar að sjálfsögðu að taka þátt.



Virkilega skemmtileg vika og auðvitað er búið að panta danskennslu að ári hjá Jóni Pétri.



## RÝMINGARÆFING

Í haust var unnin rýmingaráætlun fyrir Þingeyjarskóla og í lok janúar var síðan haldin rýmingaræfing í skólanum. Hörður slökkviliðsstjóri Þingeyjarsveitar var viðstaddur æfinguna til að fylgjast með og leiðbeina. Æfingin var góð og vel gekk að rýma skólann enda voru starfsmenn og nemendur vel undirbúnir. Æfing sem þessi er mikilvæg, ekki eingöngu til að allir æfi það verklag sem fram kemur í rýmingaráætlun skólans heldur einnig til að koma auga á það sem betur má fara.

Rýmingaráætlun Þingeyjarskóla má finna undir *Stefnur og áætlanir* á heimasíðu Þingeyjarskóla fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér hana og lesa.

## ÞINGEYJARSKÓLI TEKUR ÞÁTT Í LÍFSHLAUPINU

Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Nemendur Þingeyjarskóla taka þátt í keppni meðal grunnskóla sem stendur yfir í tvær vikur og starfsfólk grunnskólans tekur þátt í vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur. Báðir hópar fara afar vel af stað og eru að blanda sér í toppbaráttuna núna á fyrstu dögum keppinnar. Starfsfólk leikskóladeildanna tók þá við sér og ætlar auðvitað að blanda sér í baráttuna þrátt fyrir að hafa skráð sig örlítið seint til leiks. Við höfum m.a. bætt við hreyfingu á skólatíma til að safna fleiri mínútum í keppninni enda mikið keppnisfólk í Þingeyjarskóla, bæði á meðal nemenda og starfsfólks.



## STÁSS STUNDIR

STÁSS tími er sameiginleg samverustund nemenda og starfsfólks grunnskólans í setustofu skólans. Á þessu skólaári er STÁSS annan hvern fimmtudag kl. 8:15 og skiptast teymi á að hafa umsjón með stundunum eftir að skólastjóri hefur tekið til máls. STÁSS stundirnar eru m.a. nýttar til umræðu og kynninga á áhugaverðum verkefnum nemenda. Allar STÁSS stundir enda síðan á söng í umsjón tónlistarkennara og oft koma elstu nemendur Barnaborgar og taka þátt í söngnum.

Að sjálfsögðu er öllum úr skólasamfélaginu okkar velkomið að koma og taka þátt í STÁSS stundunum. Næstu STÁSS stundir eru á eftirfarandi dögum:

- *Fim. 14. febrúar kl. 8:15 (umsjón ust).*
- *Fim. 27. febrúar kl. 18:15 (umsjón mst).*
- *Fim 13. mars kl. 8:15 (umsjón yst).*

## FRAMUNDAN

- 13. febrúar** - Foreldrafundur leikskóladeilda.
- 17. febrúar** - Þorgrímur Þráinsson í heimsókn á miðstigi.
- 18. febrúar** - Kósí/náttfata- og dótadagur í Barnaborg.
- 21. febrúar** - Sameiginleg yndislestrarstund á milli kl. 11:40 og 12:05. Öll velkomin að koma og taka þátt.
- 24. febrúar** - Hefðarkvennakaffi í Krílabæ.
- 25. febrúar** - Skíðaferð fyrirhuguð (ef veður og snjóalög leyfa!).
- 6.-7. mars** - Vetrarfrí í grunnskóladeild.
- 13. mars** - Starfamessa í HA fyrir unglíngastig.
- 27. mars** - Vogleði (nágar auglýst síðar).

## JÁKVÆÐUR AGI, ÁHERSLUR Í FEBRÚAR

Samkvæmt stefnu jákvæðs aga þróa börn ekki með sér ábyrgðarkennd ef fullorðnir eru of stýrandi og stífir. Ekki heldur ef þeir eru of eftirgefanlegir. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu.

**Bekkjarfundir** og **að setja mál á dagskrá** eru áherslur Þingeyjarskóla í jákvæðum aga í febrúar.

Bekkjarfundir eru grundvallarþáttur í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa sig í öruggu umhverfi. Mikil áhersla er lögð á að kenna rétta framkvæmd bekkjarfunda, að þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft. Í framkvæmd bekkjarfundanna er lögð áhersla á eftirfarandi:

- Við myndum hring.
- Við hrósum og þökkum.
- Við förum yfir fyrri ákvarðanir.
- Við tökum mál fyrir.
  - Deilum tilfinningum og skoðunum - aðrir hlusta.
  - Ræðum án þess að leysa - fáum fram hugmyndir.
  - Veljum lausnir.
- Við tökum fyrir önnur mál og verkefni.
- Við ljúkum fundinum á jákvæðan hátt.

Jákvæður agi er að sýna **góðvild** og festu á **sama tíma**



## EINS OG .... Á SVELLI

Síðustu daga hafa myndast rennislétt svell á hlaupabrautinni kringum Geislavöll. Það vakti mikla kátínu leikskólanemenda að sjá myndir og myndbönd af sjálfum sér, kennurum og hinum krökkunum renna sér fótskriðu og detta svo tignarlega beint á bossann. Mörgæsin stóra vakti líka mikla lukku.



## DAGUR LEIKSKÓLANS OG ELDRAUÐ VEÐURVIÐVÖRUN

Þorinn og íslensk þjóðmenning eru ætíð hluti af viðfangsefnum leikskólanna á þessum árstíma. Í Krílabæ er jafnan margt um að vera, börnin buðu í hefðarmannakaffi í tilefni bóndadags og hefðarkvennakaffi verður svo 24. febrúar í tilefni konudags.

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur 6. febrúar ár hvert með því markmiði að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf. Í tilefni dagsins settu börnin í Krílabæ upp listaverkasýningu í Þingey, nýja stjórnsýsluhúsinu okkar. Sýningin mun hanga uppi til og með 21. febrúar og er öllum aðgengileg á opnunartíma skrifstofunnar.

Í Barnaborg færðu tveir nemendur kennurum sínum heimagerð blóm í tilefni dags leikskólans og það gladdi okkur svo sannarlega. Kennaradeild Háskólans á Akureyri hélt rafrænt málþing um leikskólastarf þar sem m.a. var fjallað um hæglæti í leikskólastarfi og „the unhurried child“. Það hentaði leikskólakennurum Þingeyjarskóla afar vel í rauðri veðurviðvörðun að geta setið undir teppi og horft á nokkra fræðandi fyrirlestra.

Í takt við þessa stefnu höfum við í Barnaborg verið með tilraunaverkefni með síðdegishressinguna og haft hana niðri í leikskólahúsnæði. Börnin geta sökkst sér í leik og komið að kaffiborðinu í litlum hópum eftir því sem þau verða svöng og haldið svo áfram að leika.

## VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA ÓVEÐURS OG/EÐA ÓFÆRÐAR

Í haust var hafist handa við að vinna sameiginlega viðbragsáætlun vegna óveðurs og/eða ófærðar fyrir alla skólana í Þingeyjarsveit. Áætlunin tók gildi nú um miðjan janúar eftir að hafa verið samþykkt af fræðslu- og velferðarnefnd og staðfest af sveitarstjórn. Foreldrar og forráðamenn nemenda í Þingeyjarskólar voru upplýstir um nýja viðbragsáætlun með tölvupósti og þá hefur hún einnig verið kynnt öllu starfsfólki. Í síðustu viku þurftum við síðan að virkja áætlunina í fyrsta sinn eftir að hún tók gildi þegar rauð veðurviðvörðun var gefin út fyrir okkar landshluta. Samkvæmt áætluninni eru allir skólar í Þingeyjarsveit lokaðir þegar rauð viðvörðun er gefin út enda tilmæli frá almannavörnum að fólk skuli ekki vera á ferðinni að óþörfu.

Viðbragsáætlunina má lesa á heimasíðu Þingeyjarskóla og Þingeyjarsveitar.

*Ábyrgð, virðing, gleði.*

Með góðum kveðjum,  
Lilja og Nanna